

FRÈRE JACQUES

Markmið: Að gefa börnum tækifæri til að upplifa lög á öðrum tungumálum en leiðsögn fer fram á, sem og lög sem þýdd eru.

Námsstig: Yngsta stig (6-9 ára)

Lengd: Ein kennslustund (ein kennslustund er 45 mín.)

Heimild: <http://www.ncca.ie/uploadedfiles/publications/intercultural.pdf> Höfundur: ncca - National Council for Curriculum and Assessment. Námsfnið hefur verið lagað að norrænum/baltneskum aðstæðum með góðfúslegu leyfi Evrópsku tungumálamiðstöðvarinnar (ECML).

Tenging við aðrar greinar: Tónmennt, Leiklist.

Námsmarkmið: Frá sjónarhól fjölmenningarleikans, lög sem þessi geta gert börnum einfaldara að skilja fjölbreytileikann. Verkefnið getur einnig hjálpað við að koma á tilfinningalegri tengsl meðal fólks af ólíkum uppruna.

Aðferð

1) Kennarinn undirbýr blað með orðum lagsins „Frère Jacques“. Þetta hefst á íslensku og ensku útgáfunum (þær sem þau þekkja trúlega best), kennarinn spilar valdar útgáfur fyrir börnin með hjálp YouTube eða þess háttar tækni. Í kjölfarið er lagið rætt. Kennarinn sýnir börnum blaðið með textanum. Ef einhver orð eru í íslenska laginu sem þau ekki þekkja er það rætt, og þeim er gert grein fyrir að íslenska lagið sé þýðing annarra útgáfa. Eldri nemendur gætu þekkt hvaða orð séu þýðingar hvaða orða.

2) Kennarinn syngur lagið aftur, á meðan hlusta nemendur til að sjá hvort þau geti gert sér grein fyrir taktinum.

3) Börnin syngja lagið, og hugað að líkamsstöðu, lögun munns og andardrætti. Kennarinn er í stöðugum samskiptum við börnin á meðan. Á seinni stigum er hægt að kenna aðrar útgáfur lagsins, svo sem frönsku eða Zulu útgáfunar. Þrátt fyrir að þeim gæti þótt orðin skrítn mun þekking þeirra á laglínunni aðstoða þau.

4) Fyrir eldri börn er hægt að nota lagið Frère Jacques til að syngja keðjusöng. Hægt er að syngja allt að fjórar „keðjur“, í sitthvoru tungumálinu.

Auka verkefni: Mælt er með að samþætta önnur tungumál í þetta verkefni, tungumál sem eiga við í þínu tilfelli, þar á meðal munnihluta og svæðisbundin tungumál, t.d. tungumál sem eiga sér fulltrúa í kennslustofunni. Kennarar geta fundið og spilað aðrar útgáfur lagsins í hvaða tungumáli sem er.

French

Frère Jacques, Frère Jacques,
Dormez vous? Dormez vous?
Sonnez les matines, Sonnez les
matines
Ding Dang Dong, Ding Dang

Icelandic

Meistari Jakob, meistari Jakob!
Sefur þú? Sefur þú?
Hvað slær klukkan? Hvað slær
klukkan?
Hún slær þrjú. Hún slær þrjú.

Zulu

Baba Jacob, Baba Jacob
Usalela, Usalela
Amasilongo esonto ayakhala,
Amasilongo esonto ayakhala
Ding dong del, Ding dong del
Xhosa

English

Are you sleeping? Are you
sleeping?
Brother John, Brother John ?
Morning bells are ringing, Morning
bells are ringing
Ding Ding Dong, Ding Ding Dong